

60
19. okt.

TILSKIPUN

um

tekjuskatt sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldenberg,

Gjörum kunnugts Að Vjer bjóðum hjermeð og fyrirskipum samkvæmt
2. gr. laga nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar á og viðauka við lög nr.
74, 27. júní 1921, á þessa leið:

1. gr.

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, sendisveitarritarinn og starfsmenn við íslensku sendisveitina í Kaupmannahöfn, og sömuleiðis fiskifulltrúi á Spáni og Ítalíu, sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 5, 4. maí 1925, skulu að öllu leyti vera undanþegnir tekjuskatti af launum þeim, er greidd eru hjeðan af landinu fyrir störf þeirra.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborg, 19. október 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.